

Ed.

43. Frumvarp

til laga um skoðun á sild.

Flutningsmaður Sigurður Hjörleifsson.

1. gr.

Skoðun skal fara fram á allri nýveiddri sild, sem ætluð er til útflutnings og veidd er í herpinót eða í reknet og söltuð er í landi eða við land.

Auk þess skal öllum gefast kostur á að fá mat á saltaðri sild, hafi hún legið minst 14 daga í salti.

2. gr.

Skoðun þessi skal framkvæmd af matsmönnum, yfirmatsmönnum eða undirmatsmönnum.

3. gr.

Áður en sildveiði byrjar ár hvert, skulu skipstjórar á þeim sildveiðaskipum, er veiða með herpinót eða reknetum, skyldir til þess að fá matsmann út á skip sin. Skal hann segja fyrir um, hvernig skipið skuli búið út, svo að hagfelt sé fyrir geymslu sildarinnar, og skulu skipstjórar eða útgerðarmenn skyldir til þess að hlíta fyrirmælum hans.

4. gr.

Landsstjórnin sér um að til séu eyðublöð, hæfilega mörg handa hverju sildveiðaskipi, og ber skipstjórum að fylla þau út. Skulu þeir í hvert skifti tilgreina mánaðardag og klukkustund, þegar byrjað er að taka sildina úr sjó, og hve mikil veiði er í hvert skifti. Eyðublöð þau, sem út hafa verið fyllt, skulu í hvert skifti afhent matsmanni þeim, er skoðar sildina, áður en byrjað er á skoðun hennar.

5. gr.

Nú kemur sildveiðaskip að landi, sem veitt hefir sild sína með þeim veiðarfærum, er um getur í 1. gr. Skal flytja hana þangað, sem einhver matsmaður er fyrir, og ber skipstjóra að tilkynna honum þegar um komu sína; má ekki byrja á söltun sildarinnar fyr en matsmaður hefir kveðið upp þann úrskurð, að fulltryggilegt sé, að hún geti orðið góð verzlunarvara. Sé sildin skemd, má ekki salta hana til útflutnings né senda hana til útlanda og ber matsmanni að hafa gætur á, að það sé ekki gert.

6. gr.

Sild þá, sem veidd er í herpinætur á gangvélaskipum, svo og sild þá, sem veidd er í reknet á gangvélaskipum og seglskipum, má þó salta á öðrum stöðum en þeim, sem matsmaður er á. Slika sild ber þó að sýni matsmanni áður en hún er flutt til útlanda og má, ef ástæða er til, banna útflutning hennar.

7. gr.

Þegar skoðun fer fram á saltaðri sild og matsmaður telur hana fyrsta flokks vöru, er hann skyldur til að merkja ílát þau, sem sildin er í, ef þess er krafist. Stjórnarráðið ákveður, hvernig merkið skuli vera.

Sildarilát með hinu ákveðna vörumerki má ekki nota á ný til útflutnings sildar, nema merkið sé áður afmáð.

8. gr.

Yfirmatsmenn séu tveir, skipaðir af ráðherra. Annar þeirra hafi aðsetur á Akureyri, hinn á Siglufirði. Stjórnarráðið ákveður starfssvið þeirra og gefur þeim erindisbréf. Laun þeirra hvors um sig séu 1000 kr. árlega. En auk þess skal þeim greiddur ferðakostnaður og 2 kr. í fæðispeninga, ef þeir þurfa að tak-

ast ferð á hendur vegna starfs sins. Launin, ferðakostnaður og fæðispeningar greiðist úr landssjóði.

Undirmatsmenn skal setja þar, sem yfirmatsmenn telja þörf á og eftir tillögum þeirra, en hlutaðeigandi lögreglustjóri skipar þá. Stjórnarráðið gefur þeim erindisbréf, en yfirmatsmenn ákveða starfssvið þeirra. Kaup undirmatsmanna ákveða yfirmatsmenn og skal það greitt úr landssjóði.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru viðvikjandi starfi þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

9. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða 10—2000 kr. sekt, sem renna í landssjóð.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1909.